

106. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps 8. September 2015
kl:13.00

Mætt: Kjartan Magnússon formaður, Sigurður Árnason, Rannveig Bjarnadóttir, Sigurlaug Jónsdóttir, Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri og Elín Heiða Valsdóttir, Einar Bárðarsson boðaði forföll og mætir Hörður Davíðsson í hans stað.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra. Anna Gyða fór yfir starfsemi á hjúkrunarheimilinu, vistrými hafa verið fullnýtt. Erfitt hefur verið með ráðningu á starfsfólk í sumar vegna húsnaðisskorts, þ.a.l. er aukinn kostnaður vegna yfirvinnu starfsfólks.
Uppgjör hefur borist frá Tryggingastofnun vegna ársins 2014, eftir færslu á milli dvalarrýma- og hjúkrunarrymi, kemur fram að full nýting er á heimilinu á árinu.
2. Rekstraryfirlit 2015. Lögð er fram aðalbók fyrir fyrstu 7 mánuði ársins, rætt um einstaka liði í yfirlitinu.
3. Bréf Rekstrarnefndar til Velferðarráðuneytisins dags. 7.7.2015. Þar var lögð fram beiðni um fjölgun hjúkrunarrýma á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum.
4. Bréf frá velferðarráðuneytis til rekstrarnefndar dags. 22. 7.2015. Þar var beiðni rekstrarnefndar um fjölgun hjúkrunarrýma hafnað að þessu sinni.
 - a. Málið rætt innan nefndarinnar og ákveðið að vinna áfram að málínu í samstarfi við Sveitarstjórn.
5. Tölvubréf dags. 25. Ágúst 2015. Formanni rekstrarnefndar falið að svara erindinu og koma málínu í réttan farveg.
6. Önnur mál
 - a. Uppgjör skuldar við Skaftárhrepp. Formaður hefur fundað með sveitarstjóra um málið. Ákveðið að fresta ákvörðun um uppgjör þar til sveitarstjórn hefur vinnu við fjárhagsáætlun
 - b. Launamál Önnu Gyðu. Viðræðum um endurskoðun á launakjörum var lokið með samkomulagi við hjúkrunarforstjóra.
 - c. Leiga á íbúð fyrir starfsfólk Klausturhóla við Túngötu 4. Rekstrarnefnd samþykktir að gengið verði til samninga um að taka íbúðina á leigu í eitt ár.
 - d. Neðri hæð Klausturhóla. Formaður upplýsti að hann hefði mætt á fund með aðilum frá eldri borgurum í Skaftárreppi, sveitarstjóra og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins þar sem rætt var um nýtingu á neðri hæð hjúkrunarheimilisins. Rekstrarnefnd leggur áherslu á að þetta rými verði sem allra fyrst tiltækt til notkunar fyrir starfssemi hjúkrunarheimilisins. Formanni falið að senda inn rökstutt erindi til sveitarstjórnar.
 - e. Viðhald húseigna.
 - a) Rætt um þörf á auknum starfkrafti til að sinna tilfallandi störfum við viðhald húseigna s.s. fúgaverja grindverk o.fl.
 - b) Haft hefur verið samband við verktaka vegna viðgerðar á þakkanti hússins.

Fundi slitið kl. 14.10

Fundargerð ritaði Elín Heiða Valsdóttir

Kjartan Magnússon
Sigurður Árnason
Rannveig Bjarnadóttir
Elín Heiða Valsdóttir
Elín H.V.